



Reykjavík, 3. janúar 2017
USK2017010007

Borgarráð

Endurbætur á mannvirkjum við gervigrasvöll í Laugardal.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurbóta á stúku við gervigrasvöll í Laugardal.

Völlurinn er við félagshús Þróttar og við þessar endurbætur á stúkunni verður hann aðalvöllur félagsins. Jafnframt er fallið frá endurbótum á mannvirkjum á Valbjarnarvelli.

Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmdanna er 100 mkr. Vilyrði er fyrir 15 mkr. framlagi úr Mannvirkjasjóði KSÍ.

Greinargerð

Vorið 2016 fóru fram ýmsar aðgerðir til bráðabirgða sem nauðsynlegt var að framkvæma til að bæta aðstöðu fyrir leikjamót þar sem Þróttur lék í efstu deild karla í knattspyrnu. Fólust þær m.a. í flutningi og lagfæringum á tveimur húsum sem flutt voru frá Valbjarnarvelli að stúkunni við gerfigrasvöllinn, uppsetningu á blaðamannaskýli og skorklukku og lagfæringum á girðingum.

Nú liggja fyrir útboðsgögn fyrir endurbætur á stálburðarvirki og klæðningu stúkunnar. Gert er ráð fyrir að öll núverandi klæðning verði fjarlægð og stálrammar sandblásnir og heitgalvanhúðaðir, klæðning endurnýjuð bæði á þaki og bakvegg.

Þá er áætlað að koma upp fjölmiðlaaðstöðu í stúkunni og fjölga sætum. Vilyrði er fyrir því að 15 mkr. fáist úr Mannvirkjasjóði KSÍ á árinu til styrktar þeim framkvæmdum.

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna framkvæmdanna er því 85 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun 2017 er gert ráð fyrir 50 mkr. til verkefnisins.

Kostnaðarstaður: 1105.

Kostnaðaráætlun 2: 100 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



ÁHORFENDASTÚKA VIÐ ÞRÓTTARVÖLL



ÁHORFENDASTÚKA VIÐ ÞRÓTTARVÖLL



Endurbætur á núverandi stálvirki og
klæðningu áhorfendastúku við Þróttarvöll



ÁHORFENDASTÚKA VIÐ ÞRÓTTARVÖLL

- Núverandi klæðning fjarlægð
- Stálrammar sandblásnir og galvanhúðaðir
- Klæðning á þaki og bakvegg endurnýjuð
- Gerð aðstaða fyrir fjölmíðla í stúku
- Fjölgun áhorfendasæta



ÁHORFENDASTÚKA VIÐ ÞRÓTTARVÖLL


Áætlaður heildarkostnaður:

Reykjavíkurborg	85 mkr
KSÍ	15 mkr
Samtals	100 mkr





UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



TAKK FYRIR

